



Ábyrgðartrygging útgerðarmanns

Vátryggingarskilmálar nr. AA40

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AA40.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Áhættubreyting
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Vátryggingarfjárhæð
12. Eigin áhætta
13. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
14. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
15. Staða tjónþola við tjón
16. Meðferð bótakrafna
17. Fyrning

Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögmaetum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa skilmálana með þetta í huga.

Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuld-bindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

1. Vátryggður

Vátryggingartaki er vátryggður.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir um borð í því skipi sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og í beinum tengslum við rekstur þess.

3. Ábyrgðartími

- 3.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 3.2 Komi afleiðingar vátryggingaratburðar sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.
- 3.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna vátryggingaratburðar sem varð áður en vátryggingartímabilið hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímabilinu.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Tjón vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á hann eftir íslenskum réttarreglum sökum:
 - 4.1.1 Líkamstjóns þriðja manns sem rakið verður til gáleysis skipverja við störf í þágu skipsins og vanbúnaðar eða bilunar skipsins sjálfs eða tækja þess.
 - 4.1.2 Skemmda á munum í eigu annarra aðila en starfsmanna vátryggðs eða eiganda afla, farms eða annars sem skipið flytur ef skemmdirnar verða af sömu orsökum og greinir í 4.1.1. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins samkvæmt þessum lið að tjónsatvikilið beri að höndum um borð í skipinu eða á bryggju.



Vátryggingin bætir ekki:

- 4.2 Líkamstjón sem verður við út- eða uppskipun þegar aðrir en áhöfn skipsins vinna verkið.
- 4.3 Útgjöld vegna læknishjálpar, hjúkrunar, ferða-kostnaðar eða útfararkostnaðar samkvæmt sjómannalögum.
- 4.4 Eigur skipverja sem glatast eða skemmast við sjóslys, eldsvoða í skipi eða við annað sjótjón.
- 4.5 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 4.6 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 4.7 Tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 4.8 Tjón er leiðir af skaðabótaábyrgð sem fellur á útgerðarmann fiskiskips vegna starfsemi í landi, t.d. beitingar, frágangs, meðhöndlunar veiðarfæra eða annarra skyldra starfa. Þessa áhættu má vátryggja sérstaklega.
- 4.9 Endurkröfu frá almannatryggingum.
- 4.10 Tjón vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem hann getur vátryggt sig gegn með venjulegum skilmálum húftryggingar fyrir hliðstæð skip.
- 4.11 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:
 - 4.11.1 Áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða sambands þessa hvoru tveggja.
 - 4.11.2 Umsjón með eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða sambands þeirra.
 - 4.11.3 Eftirliti, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða sambands þeirra skipta máli (þ.m.t. en þó ekki takmarkað við störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum).

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða sambandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva,

hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Vátryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.
- 6.2 Vátryggðum og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess að við stjórn skipsins og tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafa kunnáttu til og lögskilin réttindi þar sem þeirra er krafist.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Áhættubreyting

Vátryggður skal tilkynna félaginu um allar breytingar á skipi eða útgerð þess sem valdið geta aukinni áhættu. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Greiðsla iðgjalds

- 9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.



9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda váttryggingarfjárhæð.

11. Váttryggingarfjárhæð

11.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingar-atburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins váttryggingaratburðar.

11.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu váttryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni.

11.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bóta-fjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.

12. Eigin áhætta

12.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endur-nýjunarkvittun.

12.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

13. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

13.1 Váttryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

13.2 Bætur sem greiða ber af umsaminni atvinnu-slysatryggingu váttryggðs koma að fullu til frádráttar bótum úr ábyrgðartryggingu þessari. Sama gildir þótt umsamin atvinnuslysatrygging sé ekki fyrir hendi. Kaup sem váttryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða manni er orðið hefur fyrir slysi kemur að fullu til

frádráttar frá bótum úr ábyrgðartryggingu þessari.

14. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

14.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.

14.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðar-kostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

14.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

14.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingar-atburð.

14.5 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

15. Staða tjónþola við tjón

15.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

15.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.

15.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

15.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

16. Meðferð bótakrafna

16.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.

16.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama



gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

17. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.